

Ferðafélag Akureyrar
Hjalti Jóhannesson
Strandgata 23
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 31. ágúst 2016
UST201605-114/A.B.G.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til aksturs utan vega vegna endurnýjunar gönguskála við Bræðrafell


Vísað er erindis Ferðafélags Akureyrar (FFA) þar sem fram koma breytingar á lýsingu þeirri sem lögð var til grundvallar leyfi til aksturs utan vega sem gefið var út af Umhverfisstofnun dags. 29. júní sl.

Í fyrrgreindu leyfi þá kemur fram að óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega sbr. 1. mgr. 31. gr. laga um náttúruvernd nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar. Slíkt leyfi er hægt að veita m.a. vegna viðhalds skála enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 2. mgr. 31. gr.


Til stendur að endurnýja gamla gönguskálann við Bræðrafell í Ódáðahrauni. Í leyfinu sem gefið var út þann 29. júní sl var gert ráð fyrir því að um væri að ræða 3 ferðir á jeppum og vörubílum á tímabilinu 8. júlí til 28. ágúst 2016. Um er að ræða breytingu á fyrrgreindu leyfi þar sem nú er sótt um að aka utan vega með hjólaskóflu í þeim tilgangi að halda við skálann sem ekið verður með inn að Bræðrafelli. Sótt er um að aka inn að Bræðrafelli dagana 1. og 2. september nk.

Umhverfisstofnun heimilar hér með breytingu á fyrri leyfi sem felur í sér að ekið sé á hjólaskóflu inn að Bræðrafelli með eftirfarandi skilyrðum:

- Fylgja skal áfram þeim skilyrðum sem fram komu í útgefnu leyfi dags. 29. júní sl.
- Hjólaskófla verði ekki notuð til jarðrasks, leyfi þetta gildir aðeins fyrir akstur utan vega.
- Ef á vettvangi kemur í ljós að ekki reynist mögulegt að flytja skálann að Bræðrafelli eins og að ofan er lýst án jarðrasks, er framkvæmdaraðila skylt að hverfa frá flutningi skálans að sinni og leita leiða til að koma honum á sinn stað að vetrarlagi.
- Starfsmaður Vatnajökulsþjóðgarðs verði með í för að Bræðrafelli og hefur eftirlit með að skilyrðum þessum sé framfylgt, framkvæmdaraðili lúti fyrir mælum hans í einu og öllu.
- Leyfið gildir til 5. september nk.


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri

Virðingarfyllst


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri